

Myndaði jeg itafi
og marga dra'ttu

Benedikt Gröndal – skrifarinn og skáldið

Benedikt Gröndal Sveinbjarnarson fæddist 6. október 1826 á Bessastöðum á Álftanesi. Foreldrar hans voru Sveinbjörn Egilsson (1791–1852) rektor Lærða skólans og Helga Benediktsdóttir Gröndal (1800–1855) húsfreyja. Eignuðust þau tíu börn.

Benedikt ólst upp á Bessastöðum til ársins 1835 þegar fjölskyldan fluttist að Eyvindarstöðum á Álftanesi. Hann hóf nám í Bessastaðaskóla 1842 og útskrifaðist þaðan 1846, 19 ára gamall. Þá um sumarið sigldi hann til Kaupmannahafnar þar sem hann stundaði háskólanám í náttúrufræði og bókmenntum. Árið 1850 sneri Benedikt aftur heim til Íslands, án þess að hafa lokið prófi. Dvaldi hann í Reykjavík næstu sjö árin og fékkst við ýmis lausamennskustörf, s.s. sem ritari landfógeta og við þingskriftir auk þess sem hann var stundakennari í Lærða skólanum árin 1852–1854.

Árið 1857 hélt hann aftur til Kaupmannahafnar. Þar kynntist hann rússneskum trúboða, Dr. Etienne Djunkovskoy, sem kallaður var Djúnki. Ferðaðist Benedikt með Djúnka til Þýskalands og Belgíu og dvaldi hann m.a. um hríð í klaustri. Eftir þessa reisu fór Benedikt aftur til Kaupmannahafnar og lauk meistaraprófi í norrænu árið 1864. Á Kaupmannahafnarárunum vann hann fyrir sér með skrifum, m.a. fyrir Konráð Gíslason og Jón Sigurðsson. Í seinni dvöl sinni sinnti hann jafnframt ritstörfum fyrir Hið konunglega norræna fornfræðafélag og fékk m.a. styrk við gerð orðaskrár við *Snorra-Eddu*.

Benedikt kynntist Ingigerði Zoëga (1845–1881) árið 1867 og giftust þau 1871. Þau eignuðust þrjár dætur, Magðalenu Þuríði eldri (1873–1876), Helgu (1875–1937) og Magðalenu Þuríði yngri (1879–1880). Á rúmum fimm árum mátti Benedikt sjá á eftir tveimur dætrum og eiginkonu sinni og mótuðu þessi áföll líf hans.

Benedikt fékk kennaraembætti við Lærða skólann í Reykjavík 1874. Honum var vikið úr því starfi árið 1883, en Benedikt lagðist í mikla drykkju og þunglyndi eftir lát Ingigerðar. Honum voru veitt eftirlaun og síðan fékk hann ævilangan styrk frá Alþingi, m.a. til að vinna að dýraríkisteikningum. Auk þess var Benedikt ávallt afar eftirsóttur í gerð grafskrifta og erfiljóða og fékk þá gjarnan greitt fyrir viðvikið. Benedikt var ráðinn forstöðumaður Náttúrugripasafns Íslands við stofnun Hins íslenska náttúrufræðifélags 1889 og gegndi því starfi til ársins 1901.

Benedikt lést 2. ágúst 1907.

Benedikt skiptir lífsferli sínum í sjö skeið í Dægradvöl:

1826–1835 Bernskuárin á Bessastöðum
1835–1842 Æskuárin á Eyvindarstöðum
1842–1846 Bessastaðaskóli
1846–1850 Kaupmannahöfn
1850–1857 Reykjavík
1857–1874 Kaupmannahöfn ásamt Þýskalandi og Belgíu
1874–1900 Reykjavík

B. Gröndal

Myndastí jeg itafi
og margra dráttu

Handritageymd Benedikts

Á annað hundrað handrita í handritasafni tengjast nafni Benedikts Gröndals og eru þau afar fjölbreytt. Í safninu eru varðveitt handrit að skáldverkum Benedikts. Þar á meðal eru tvær gerðir af ævisögu hans, *Dægradvöl*, tvö brot úr *Örvar-Odds drápu* og tvö eintök af *Þórðar sögu Geirmundarsonar* ásamt *Rímum af Göngu-Hrólf*. Þá eru þar þýðingar hans að ýmsum kvæðum, m.a. á *Ilíonskvæði* Hómers.

Til fræðilegra skrifa og ritgerða teljast á fjórða tug handrita. Eru það aðallega handrit sem varða norræn fræði og náttúrufræði og eru mörg þeirra með fjölda teikninga. Þekktast er eflaust handrit hans að *Dýraráki Íslands*. Efnistökin eru fjölbreytt og á meðal ritgerða um landafræði, dýrafræði og menningarsögu leynist fróðleikur um allt milli himins og jarðar, skrifað af manni sem var fátt óviðkomandi. Má þar nefna ritgerð um þjóðsíði þar sem er m.a. fjallað um Kínverja og Japaní.

Mikið safn erfiljóða frá 1850–1907 er varðveitt í fjórum handritum, auk þess sem erfiljóð Benedikts og grafskriftir má finna í öðrum handritasöfnum.

Langstærsti handritaflókkurinn sem tengist Benedikt eru kvæði eftir hann, ýmist rituð af honum sjálfum eða í eftirriti annarra. Þrjú eiginhandarit að kvæðasöfnum Benedikts eru varðveitt í safninu.

Sendibréf til Benedikts og frá honum er að finna í fjölda bréfasafna í Landsbókasafni og hafa mörg þeirra verið gefin út. Þar af eru flest á milli Benedikts og Jóns Sigurðssonar. Fjölmörg bréf frá Benedikt eru einnig varðveitt í söfnum annars staðar.

Í tólf handritum er að finna ýmislegt efni tengt, í eigu, eftir eða ritað af Benedikt. Þar á meðal eru almanök hans frá árunum 1864–1907 og mikil skrá yfir handrit Landsbókasafnsins, flokkuð eftir efni. Þá hefur einkaskjalasafni hans verið haldið til haga. Þar má m.a. finna erfiljóð um konu hans, bréf frá Helgu dóttur hans, orðasafn, styrkbeiðni, málskjöl, leigusamning og umfangsmikið seðlasafn.

Helstu útgáfur:

Drápa um Örvar-Odd 1851
Sögur úr Þúsund og einni nótt 1852
Kvæði og nokkrar greinir um skáldskap og fagnar menntir 1853
Ilíonskvæði 1856
Kvæði 1856
Sagan af Heljarlóðarorrustu 1861
Gandreiddin 1866
Ragnarökur 1868
Gefn (tímarit) 1870–1874
Um náttúru Íslands 1874
Forskriftir 1883
Þórðar saga Geirmundarsonar 1891
Göngu-Hrólf rímur 1893
Íslenskt fuglatal 1895
Kvæðabók 1900
Reykjavík um aldamótin 1900 (sérprent) 1900
Dægradvöl 1923 og 1953
Sendibrjef frá Ben. Gröndal og til hans 1931
Úrvalsljóð 1938
Ritsafn 1948–1954
Dýraráki Íslands 1975
Ljóðmæli: úrval 1985
Íslenskir fuglar 2011
Kennslubækur í dýrafræði, steinafræði, jarðfræði, efnafræði og landafræði 1878–1886

„Hann orti kvæði allra tegunda, ættjarðarljóð, eggjanakvæði, ádeiluljóð, ástá-ljóð, gamankvæði í ótal tilbrigðum, drykkjukvæði, ferðaljóð, heimspékileg kvæði, náttúrulýsingar, erfiljóð, grafskriftir og hvers kyns tækifæriskvæði, söguljóð, ljóðabréf og rímur. Hann samdi skáldsögur, smásögur, ferðasögur, riddarasögur og leikrit. Kennslubækur samdi hann um margvísleg efni, dýrafræði, steina- og jarðfræði, landafræði og efnafræði. Eftir hann liggja fjölmargar ritgerðir og blaðgreinar um flest milli himins og jarðar, bókmenntir, myndlist, leiklist, goðafræði og aðra fornfræði, menningarsögu, heimspeki, náttúrufræði, stjórnmál, erlend og innlend, skólamál, Vesturheimsferðir o. m. fl.“

Ritsafn I. bindi, bls. 7.

